

HEIMILIÐ Í ÖRUGGUM HÖNDUM

Kæri íbúi í Urriðaholti

Securitas hefur ætíð verið í fararbroddi þegar kemur að öryggisvörnum heimilisins. Heimavörn Securitas vaktar heimilið allan sólarhringinn, allan ársins hring og er beintengd stjórnstöð Securitas á Neyðarlínunni 112 þar sem við erum ávallt í viðbragðsstöðu. Þannig getur þú verið viss um að réttir aðilar koma samstundis á staðinn ef eitthvað kemur upp á hjá þér og þinni fjölskyldu.

GJÖF TIL ÞÍN

Gegn framvísun þessa gjafabréfs færð þú Heimavörn Securitas ókeypis í eitt og hálf ár.

Heimavörnin inniheldur eftirfarandi:

2x hreyfiskynjarar	Sirena
1x reyfiskynjari	Stjórnstöð
1x hurðarnemi	Uppsetning
Stjórnborð	

Hafðu samband við öryggisráðgjafa okkar í síma 580 7000 og við aðstoðum þig við að finna þær lausnir sem best henta þér og þínu heimili. Nánari upplýsingar um Heimavörn Securitas er að finna á heimasíðu okkar www.securitas.is.

Gjafabréfið gildir til 31/12/2010.

Samkomulag milli Urriðaholts ehf. og Securitas hf. um þjónustu Securitas við íbúa í Urriðaholti í Garðabæ

Í framhaldi af því markmiði að í Urriðaholti búi íbúar í áhyggjulausasta hverfi landsins þá hafa Urriðaholt ehf. kt. 500205-1050 og Securitas hf. Kt. 640388-2699 gert með sér samkomulag um að Heimavörn Securitas fylgi inná á öll heimili í nýju hverfi Urriðaholts.

Samkomulagið snýr að því að Securitas setur upp Heimavörn Securitas í allar íbúðir í Urriðaholtshverfi í Garðabæ. Uppsetning kerfanna og rekstur þeirra í 18 mánuði frá uppsetningu er síðan endurgjaldslaus fyrir íbúa umræddra íbúða. Að þeim tíma loknum geta eigendur íbúða haldið áfram með áskrift ef vilji er fyrir hendi.

Heimavörn Securitas er öryggiskerfi fyrir heimilið sem samanstendur af stjórnstöð, lyklaborði, sírenu, tveim hreyfiskynjurum, reykskynjara, hurðarnema og tengingu við öryggisnet Securitas sem er stýrt frá Neyðarlínunni 112, allan sólarhringinn, allan ársins hring. Heimavörn Securitas gerir viðvart ef reykur er í húsinu, vatns eða gasleki kemur upp eða óæskilegur umgangur er um heimilið.

Óski íbúðareigandi eftir viðbótarbúnaði við ofangreinda Heimavörn Securitas verður slíkur búnaður seldur honum á hagkvæmasta verði hverju sinni.

Þegar íbúð er fullgerð og flutt er inn þá hafa íbúðaeigendur samband við Securitas og óska eftir uppsetningu á Heimavörn Securitas. Þá gerir viðkomandi íbúðareigandi samning við félagið á hefðbundnum skilmálum þess að því undanskildu að ekki er greitt fyrir fyrstu 18 mánuðina. Eftir 18 mánuði njóta íbúðaeigendur 20% afsláttar á listaverði áskriftargjalda Heimavarnar Securitas.

Ofangreindur réttur gildir í eitt ár eftir að íbúð er fullgerð. Komi ekki ósk frá viðkomandi íbúðareiganda um uppsetningu kerfisins innan þess tíma fellur réttur hans niður.

Þegar uppbygging er komin vel á veg og til stuðnings Heimavörn Securitas stefna aðilar á að gera samkomulag um hverfisvöktun með eftirlitsbílum og myndavélavöktun.

Gerður er sérstakur viðaukasamningur milli Urriðaholts og Securitas um skiptingu kostnaðar samfara samningi þessum og er hann trúnaðarmál milli aðila.

Samkomulag þetta er gert í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.


Verði ágreiningur milli aðila um túlkun samkomulags þessa má leggja ágreiningin fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur til úrlausnar.

Garðabæ, 8 maí 2007


f.h. Urriðaholts ehf.

f.h. Securitas hf.

Vottar:



Handwritten signatures of representatives from Urriðaholts ehf. The signatures are written in black ink and appear to be 'Sylvia' and 'Karl'.



Handwritten signature of representative from Securitas hf. The signature is written in black ink and appears to be 'Pjetur M. Jónsson'.